

# Áfallaáætlun



## Áfallaáætlun nær yfir:

- Alvarlegt slys eða dauðsfall nemenda, foreldra eða starfsmanna
- Alvarleg og/eða langvarandi veikindi nemenda, foreldra eða starfsmanna
- Alvarlega líkamsárás

## Hlutverk áfallateymis:

Að sjá um að nemendur, foreldrar og starfsmenn skólans fái viðeigandi stuðning verði þeir fyrir áfalli.

## Áfallateymi:

Björg Baldursdóttir skólastjóri [bjorgb@kopavogur.is](mailto:bjorgb@kopavogur.is) – gsm: 699-4181

Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri [sigrunv@kopavogur.is](mailto:sigrunv@kopavogur.is)

Dagmar Kjartansdóttir deildarstjóri yngsta stig [dagmark@kopavogur.is](mailto:dagmark@kopavogur.is)

Ásthildur Gunnlaugsdóttir námsráðgjafi [asth@kask.kopavogur.is](mailto:asth@kask.kopavogur.is)

Erlendur Egilsson sálfræðingur [erlendure@kask.kopavogur.is](mailto:erlendure@kask.kopavogur.is)

Guðrún G. Sveinbjörnsdóttir ritari [gudrunsve@kask.kopavogur.is](mailto:gudrunsve@kask.kopavogur.is)

Rakel Rut Guðmundsdóttir ritari [rakelg@kopavogur.is](mailto:rakelg@kopavogur.is)

## Með teyminu starfa:

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Ekko, Steinar Már Unnarsson

[steinaru@kopavogur.is](mailto:steinaru@kopavogur.is)

Hjúkrunarfræðingur Sigríður Búadóttir [sigridurb@kask.kopavogur.is](mailto:sigridurb@kask.kopavogur.is)

Hlutaðeigandi umsjónarkennarar/kennarar

Fulltrúi skólaliða

Sóknarprestur Kópavogskirkju, Sigurður Arnarson

[sigurdur.arnarson@kirkjan.is](mailto:sigurdur.arnarson@kirkjan.is) gsm: 893-9682

## Starfshættir:

Skólastjóri eða staðgengill er í forsvari fyrir áfallateymi.

Áfallateymi kemur saman á hverju hausti og sér til þess að uppfæra áætlunina sé þess þörf og yfirfara upplýsingar um þá sem sitja teymið.

Á fyrsta starfsmannafundi vetrarins er áætlunin og áfallateymið kynnt.

## Slys - nemandi eða starfsmaður

---

### Útan skóla:

- Áfallateymi fær staðfestingu á atburðinum frá fyrstu hendi (aðstandendum, lögreglu eða sjúkrahúsi).
- Starfsfólki og nemendum er sagt frá ef einhver úr þeirra hópi hefur lent í alvarlegu slysi og þarf að vera lengi frá starfi/námi vegna þess.
- Samráð er við aðstandendur um að fá að flytja nemendum og starfsfólki fréttir af líðan hins slasaða.
- Um alvarleg veikindi gildir að mestu það sama.

### Í skóla:

- Slasist nemandi í skóla á skólatíma hefur skólastjóri samband við forráðamenn nemandans. Slasist starfsmaður hefur skólastjóri samband við aðstandendur.
  - Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skóla með rangar eða misvísandi upplýsingar um málið. Nauðsynlegt kann að reynast að senda bréf með helstu upplýsingum heim með yngstu nemendum (aðeins þeim bekkjum sem málið varðar, voru t.d. sjónarvottar).
  - Sýni fjölmiðlar áhuga er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá og skal vísa á hann varðandi allar upplýsingar.
- 



## Slys í skólaferðalagi

---

### Nemandi – starfsmaður:

- Hringt í neyðarlínuna – 112.
  - Hlúð að hópnum og séð til þess að enginn hringi heim (muna GSM síma).
  - Samband haft við skólastjórnendur og þeir láta aðstandendur hins slasaða vita.
  - Áfallaráð metur hvort þörf er á áfallahjálp og hún þá veitt áður en nemendur fara heim.
- 

## Andlát í skólaferðalagi

### Aðgerðir á staðnum:

- Kallað á lögreglu og sjúkrabíl – 112.
- Hópnum safnað saman á einn stað áður en hver fer til síns heima.
- Hlúð að hópnum og séð til þess að enginn hringi heim (muna GSM síma), tilkynna það viðstöddum.
- Hringt í skólann og talað við einhvern úr áfallateymi. Reynt að gefa sem mestar og námkvæmastar upplýsingar um tildrög.

### Aðgerðir í skóla:

- Skólastjórnendur og/eða aðrir úr áfallateymi ganga úr skugga um að aðstandendur hafi verið láttnir vita áður en fréttin berst öðrum (lögregla sér um að tilkynna slysið til aðstandenda).
  - Koma hópsins í skólann er undirbúin (t.d. stofa valin, félagsmiðstöð, kakó, teppi, bréfpurrkur, prestur, áfallateymi...).
  - Nemendur fara heim með bréf til forráðamanna sinna ef þurfa þykir.
  - Meta skal hvort kalla eigi forráðamenn í skólann til að sækja börnin (sem eru í ferðalaginu) og veita þeim upplýsingar um atburðinn og áfallaeinkenni.
- 



## Andlát nemanda í skóla

---

- Hafa skal samband við neyðarlínuna – 112.
  - Skólastjóri er eini tengiliður við fjölmiðla, aðrir starfsmenn vísa á hann varðandi allar upplýsingar.
  - Séð til þess að nemendur fari ekki heim fyrr en eftir að hafa fengið aðhlyningu.
  - Meta skal í samráði við áfallateymi hvort senda eigi bréf heim með nemendum til forráðamanna og hvort þurfi að kalla forráðamenn í skólann til að sækja börnin, skýra þeim frá atburðum og kynna þeim einkenni í kjölfar áfalls sem geta komið fram á næstu sólarhringnum (fer eftir aldri nemenda og atburðum).
  - Skólastjóri tilkynnir starfsfólki um andlátíð eins fljótt og hægt er.
  - Nemendum og starfsfólki veitt áfallahjálp og boðið upp á stuðningsviðtöl eftir því sem við verður komið hjá námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og í félagsmiðstöð.
- 



## Andlát nemanda utan skóla

---



### Viðbrögð skólans:

- Áfallateymi fær staðfestingu á andláti frá fyrstu hendi (aðstandendum, lögreglu eða sjúkrahúsi).
- Áfallateymi er kallað saman og fylgir eftir áætlun skólans og skiptir með sér verkum. Teymið fundar eins oft og þurfa þykir á næstu dögum.
- Gengið úr skugga um að nán skyldmenni hins látna innan skólans hafi frétt af andlátinu áður en öðrum er tilkynnt um það.
- Skólastjóri tilkynnir starfsfólki um andlátið í næstu frímínútum og gefur réttar upplýsingar um tildrög þess (töf og óljósar upplýsingar geta ýtt undir sögusagnir og gert aðstæður erfiðari). Gætt að því að allt starfsfólk fái fréttirnar.
- Skólastjóri tilkynnir andlátið strax í næstu kennslustund í viðkomandi bekk og í öðrum bekkjum í sama árgangi og gefur uppi réttar ástæður andlátsins. Ekki er mælt með því að kalla nemendur á sal.
- Bréfi dreift til forráðamanna ef þurfa þykir.
- Nemendum gefið tækifæri til að ræða tilfinningar sínar með kennara sínum og spyrja spurninga. Gætt að því að nemendur sem eru fjarverandi fái líka fréttirnar.
- Umsjónarkennarar tilkynna andlátið í öðrum bekkjum. Metið er hverju sinni hvernig og hve mikið er sagt frá atburði.
- Nemendum veittur aðgangur að námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi og félagsmiðstöð.
- Flaggað í hálfu stöng en reynt að halda uppi eins eðlilegum skóladegi og unnt er.
- Skólastjórnendur sendir samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna.
- Fundur er haldinn með starfsmönnum sama dag og þeim veittur stuðningur og upplýsingar og rætt um líðan og aðgerðir næstu daga.

### Viðbrögð skólans vegna útfarar nemanda:

- Viðeigandi er að skólastjórnendur eða umsjónarkennari skrifi minningargrein fyrir hönd skólans og fari að jarðarförinni sem fulltrúar skólans.
  - Nemendur sem vilja, fá aðstoð við að skrifa minningargrein og eðlilegt er að fulltrúi þeirra færi aðstandendum blóm.
  - Meta skal í samráði við aðstandendur hvort nemendur fylgi bekkjarfélaga til grafar. Hafa skal samband við forráðamenn nemenda og fá samþykki þeirra.
  - Útförin útskýrð fyrir nemendum og þeir undirbúnir fyrir hana.
-

## Andlát starfsmanns

---

### Utan skóla:

- Áfallateymi fær staðfestingu á andláti frá fyrstu hendi (aðstandendum, lögreglu eða sjúkrahúsi).
- Áfallateymi er kallað saman, fylgir eftir áætlun skólans og skiptir með sér verkum. Teymið fundar eins oft og þurfa þykir á næstu dögum.
- Gengið úr skugga um að nán skyldmenni hins látna innan skólans hafi frétt af andlátinu áður en öðrum er tilkynnt um það.
- Skólastjóri tilkynnir starfsfólki um andlátið í næstu frímínútum og gefur réttar upplýsingar um tildrög þess (töf og óljósar upplýsingar geta ýtt undir sögusagnir og gert aðstæður erfiðari). Gætt að því að allt starfsfólk fái fréttir af andlátinu.
- Umsjónarkennarar tilkynna andlátið í næsta tíma og dreifa bréfi til forráðamanna ef þurfa þykir og í samráði við áfallaráð.
- Hafi starfsmaður verið sérstaklega tengdur einhverjum í hópi nemenda þurfa skólastjórnendur og meðlimir áfallaráðs að tilkynna um andlátið og bregðast við viðbrögðum nemenda.
- Flaggað í hálfu stöng en reynt að halda uppi eins eðlilegum skóladegi og unnt er.
- Skólastjórnendur senda samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna.



## Andlát aðstandanda nemanda

---

- Látist foreldri eða systkini nemenda er starfsfólki tilkynnt um það. Gætt er að því að allir kennarar sem kenna barninu og starfsfólk sem hefur dagleg samskipti við það, sé kunnugt um andlátið.
  - Umsjónarkennari í viðkomandi bekk tilkynnir nemendum um andlátið.
  - Umsjónarkennari ræðir við bekkjarfélagana að nemandanum fjarstöddum, um viðbrögð við atburð sem þessum.
  - Nemendanum veitt aðstoð innan skólans eftir því sem við verður komið og aðstandendur kjósa.
  - Að öðru leyti skal hafa samráð við viðkomandi fjölskyldu um viðbrögð.
- 

